

## AUGLÝSING

### (II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

#### 1. Grundarfjarðarbær.

- 1) Fjórðungi byggðakvótans (34,25 þorskígildistonn) verði úthlutað til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 439/2007 eftir því sem við á hlutfallslega af þeim aflaheimildum sem fallið hafa til skipa í Grundarfirði, í samræmi við úthlutun til þeirra á grundvelli aflahlutdeilda skv. lögum nr. 116/2006 í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 sbr. ákvæði reglugerðar nr. 439/2007.
- 2) Þrír fjórðu byggðakvótans (102,75 þigt.) fari til að bæta þeim sem höfðu aflahlutdeild í skelfiski í Breiðafirði upp samdrátt vegna banns við skelfiskveiðum á Breiðafirði.
  - a) Rétt til að sækja um úthlutun byggðakvóta hafa útgerðir sem gera út fiskiskip frá Grundarfirði eða starfrækja þar vinnslu afla og höfðu aflaheimildir í hörpuskel á fiskveiðiarinu 2004/2005.
  - b) Aflinn skal veiddur af skipum gerðum út frá Grundarfirði.
  - c) Umræddur byggðakvóti skal unninn í Grundarfirði, samningur við fiskvinnslu skal fylgja umsókn.
  - d) Byggðakvóta samkvæmt umsóknum er uppfylla ofangreind skilyrði undir lið 2) skal úthlutað á milli umsækjenda hlutfallslega miðað við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði.

#### 2. Fjarðabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda, að öðru leyti en því að úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Fjarðabyggð, þ.e. á Stöðvarfirði annars vegar og Fáskrúðsfirði hins vegar, verður úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla í sveitarfélaginu frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

Heimilt er að aukning á aflamark einstakra fiskiskipa fari yfir 100% í þorskígildum og sé meiri en 15 þorskígildistonn. Þó skal ekki úthluta hærri aflaheimild en óskað er eftir, sé það lægra en reiknaður hlutur. Hlutur annarra eykst þá sem því nemur.

Reynist ekki unnt að selja afla til vinnslu í byggðarlaginu er heimilt að víkja frá ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar hvað þetta atriði varðar.

#### 3. Strandabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Stranda- byggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Til viðbótar skilyrðum 1. gr. reglugerðar nr. 439/2007 koma eftirfarandi skilyrði:

- a) Hafi útgerð leigt frá sér meiri aflaheimildir en hún hefur leigt til sín í þorskígildum talið eða selt frá sér hærri aflahlutdeild en hefur verið keypt frá 1. september 2006 til 1. júní 2007 kemur hún ekki til greina við úthlutun byggðakvóta. Þá koma bátar/skip sem ekki hafa landað afla í heimahöfn frá 1. september 2006 til 1. júní 2007 ekki til greina við úthlutun byggðakvóta.

- b) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 68,5 tonnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem rétt eiga á úthlutun skv. fyrrgreindum reglum en 68,5 tonnum skal úthlutað í hlutfalli við landaðan afla þeirra í heimahöfn á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

**4. Norðurþing.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Norðurþings með eftirfarandi viðauka/breytingum: Úthlutun byggðakvóta hvers byggðarlags samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007 skal skipt samkvæmt lönduðum afla innan byggðarlags á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Takmarkanir í reglugerð um 15 þorskígildistonna hámark og 100% aukningu eru felldar niður.

**5. Grímseyjarhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Grímseyjarhrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum: Úthlutun byggðakvóta Grímseyjarhrepps samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007 skal skipt samkvæmt lönduðum afla innan byggðarlags á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

**6. Seyðisfjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Seyðisfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum: Úthlutun byggðakvóta Seyðisfjarðar samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007 skal skipt samkvæmt lönduðum afla innan byggðarlags á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. Takmarkanir í reglugerð um 15 þorskígildistonna hámark og 100% aukningu eru felldar niður.

**7. Vopnafjarðarhreppur.**

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum: 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig að miða skal úthlutun við aflamark í þorskígildum talið hjá viðkomandi skipi þann 30. júní 2007. Með aflamarki er átt við skilgreiningu Fiskistofu á aflamarki í þorskígildum. Takmarkanir í reglugerð um 15 þorskígildistonna hámark og 100% aukningu eru felldar niður.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. júní 2007.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*